



Nefndarsvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,
ritari

Alþingi
Erindi nr. P 149/620
komudagur 2.12.2011

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. desember 2011
EBI/hó

Efni. Tillaga til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan, á 140. löggjafarþingi, þskj. 244 - 238. mál
Tilv. 2011110016

Þingsályktunartillagan barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 17. nóvember 2011.

Ein af forsendum stofnunar þjóðgarðs hlýtur að vera að hafa samráð við sveitarfélög og landeigendur á svæðinu. Þá hlýtur ákvörðunin sem slík að vera á höndum sveitarstjórnar og íbúa sveitarfélaganna. Bændasamtökin hvetja til þess að hugmyndir um þjóðgarða verði ekki ræddar nema að höfðu samráði við heimamenn. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram, að gert sé ráð fyrir, að búrekstur á svæðinu geti allur haldið áfram við stofnun þjóðgarðs. Þá geti hefðbundin hlunnindanýting, s.s. fuglatekja og æðarrækt haldið áfram.

Þetta er mjög mikilvægt og algjör forsenda. Bændasamtökin leggja áherslu á að búseta með fjölbreyttri atvinnustarfsemi geti dafnað í þeim sveitum sem þjóðgarðurinn myndi ná til. Í greinargerðinni kemur líka fram að talið sé að stofnun þjóðgarðs við norðanverðan Breiðafjörð muni styrkja atvinnustarfsemi og byggð í nágrenni hans. Að því sögðu er mikilvægt, komi til stofnunar þjóðgarðsins, að stjórnskipulag þjóðgarðsins verði þannig uppbyggt, og starfsemi í honum þannig háttáð, að heimamenn á hverjum stað njóti sem mest af fraksturs. Það er ófrávikjanlegt skilyrði að möguleg stofnun þjóðgarðs á þessu svæði hafi ekki takmarkandi áhrif á búskap á svæðinu og að ekki verði gengið á stjórnarskrárvarinn eignarrétt landeigenda.

Bændasamtökin leggja þunga áherslu á, að sem mest samráð verði haft við bændur, landeigendur og félag bænda í hugsanlegu undirbúningsferli fyrir stofnun þessa þjóðgarðs.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson

lögfræðingur